

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 117/1992.

Pétur Guðjónsson

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Siglubergi hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 15. apríl 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Guðjónsson, greiði stefnda, Siglubergi hf., 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 6. janúar 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember 1991 að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Pétur Guðjónsson, kt. 220824-6679, Hvassahrauni 1, Grindavík, á hendur Siglubergi hf., kt. 690788-2419, Ægisgötu 2, Grindavík, með stefnu, birtri 23. apríl 1991. Dómkröfur stefnanda í endanlegu horfi eftir lækkun vaxtakröfu eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1.500.000 í skaðabætur vegna ólögðmætrar uppsagnar með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

II.

Stefnandi starfaði sem skipstjóri á v/b Valabergi, GK-399, sem stefndi átti og gerði út. Í desembermánuði 1988 virðist hafa komið upp missætti með stefnanda og forráðamönnum stefnda. Fór svo að annar skipstjóri tók við skipinu um áramótin 1988–89. Aðila þessa máls greinir verulega á um hver tildrög að starfslokum stefnanda voru, hver hafi haft frumkvæði að þeim, hvort stefnandi hafi fallið frá uppsagnarfresti og hvort stefnandi hafi verið meinað að starfa út uppsagnarfrest sinn. Pykir því ástæða til að greina nokkuð ýtarlega frá málavöxtum, eins og báðir aðilar hafa greint frá þeim í stefnu, greinargerðum sínum og við töku aðilaskýrslna, en skýrslur gáfu fyrir dóminum forsvarsmenn hins stefnda félags, Pétur Antonsson stjórnarformaður, Jón Pétursson útgerðarstjóri og Jóhann Pétur Andersen, fyrrum framkvæmdastjóri, auk stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum í stefnu sinni, að hann hafi sjálfur í lok desember 1988 sagt upp starfi sínu hjá stefnda. Þetta hafi hann gert frá og með 1. janúar 1989 með lögfestum þriggja mánaða fyrirvara. Áður en sú uppsögn hafi komið til framkvæmda, hafi stefndi hins vegar sagt sér upp fyrirvaralaust þann 28. desember og reynt að fá stefnanda til að undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann félli frá þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefndi hafði meinað stefnanda að vinna út uppsagnarfrest sinn og ekki greitt honum nein laun þrátt fyrir greiðslutilmæli.

Stefnandi hefur í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dóminum skýrt nánar frá málavöxtum eins og þeir horfa við honum: Þann 16. desember hafi hann verið á leið til hafnar í Grindavík og átt samtal í síma við forsvarsmenn stefnda, þá Jóhann Pétur Andersen, þáverandi framkvæmdastjóra stefnda, og Pétur Antonsson, stjórnarformann stefnda. Þeir hafi fundið að því, að stefnandi væri á leið heim í jólafrí svo snemma og auk þess haft aðrar aðfinnslur um störf sín. Hann hafi svo verið boðaður á fund á skrifstofu útgerðarinnar þetta sama kvöld. Við það tækifæri hafi Jóhann Pétur lýst því yfir að hann myndi ekki hafa Valabergið áfram í sinni „umsjá“ ef stefnandi yrði áfram skipstjóri. Stefndi kvaðst þá hafa tjáð forsvarsmönnum stefnda, að ef þeir hygðust segja sér upp, skyldu þeir hafa samband við hann fyrir 22. desember.

Ekkert samband hefði þó verið haft við sig fyrr en 27. desember, en þá hefði Pétur Antonsson hringt í stefnanda og tilkynnt honum að ákveðið hefði verið að hann ætti að hætta með skipið, og var stefnandi þá boðaður á fund á heimili Péturs daginn eftir, þ.e. þann 28. Stefndi kvaðst hafa kom-

ið til Péturs á tilsettum tíma og lítið hafi farið þeim í milli annað en að Pétur Antonsson bað hann að skrifa undir yfirlýsingu um að hann segði sjálfur upp störfum, félli frá uppsagnarfresti og hann ætti engar kröfur á hendur útgerðinni vegna ráðningarslitanna (dskj. nr. 15). Stefnandi hafði alfarið neitað að skrifa undir þessa yfirlýsingu og hafi hann lýst allri ábyrgð á hendur útgerðinni.

Um kvöldið 27. desember hafi hann svo tekið föggur sínar frá borði enda lítið svo á að sér hefði verið bannað að starfa áfram sem skipstjóri. Aðspurður um uppsagnarbréf sitt, dags. 26. desember en póstlagt 28. s.m., er hann sendi útgerðinni, bar stefnandi að það hefði farið í póst fyrir slysi, enda hafi þá þegar verið búið að segja sér upp.

Forsvarsmenn stefnda hafa skýrt frá málavöxtum, bæði hér fyrir dómi og í skriflegum upplýsingum sem vísað er til í greinargerð, á þann veg að upp hafi komið samskiptaörðugleikar með stefnanda og forsvarsmönnum hins stefnda félags. Þann 16. desember 1988 hafi Pétur Antonsson og Jóhann Pétur Andersen rætt við stefnanda í síma og við það tækifæri hafi hann sagt orðrétt: „Ég er bara hættur“. Pétur Antonsson hafi beðið stefnanda um að vera rólegan en ræða þetta nánar er hann kæmi í land. Áttu forsvarsmenn stefnda, þeir Pétur og Jóhann Pétur, fund með stefnanda að kvöldi 16. desember. Þar hafi stefnandi verið spurður að því hvort ekki væri hægt að bæta samvinnu milli útgerðarinnar og hans en hann hafi talið það af og frá. Bera Pétur Antonsson, Jóhann Pétur Andersen og Jón Pétursson útgerðarstjóri, sem kom inn á fundinn, að stefnandi hafi lokið máli sínu með því að segja að hann gæti þá hætt strax, útgerðinni að kvaðalaus og án eftirkrafna. Var þá ákveðið að taka uppsagnartilboðið til umhugsunar.

Þann 27. desember höfðu forsvarsmenn stefnda tekið ákvörðun um að ganga að uppsagnartilboðinu og var stefnanda tilkynnt það þann dag. Pétur Antonsson hefur skýrt svo frá að þann 28. hafi stefnandi komið til heimilis síns en ekki viljað skrifa undir téða yfirlýsingu eða samkomulag sökum þess að hann legði ekki í vana sinn að skrifa undir svona lagað. Eftir 28. desember hafi svo verið farið að huga að því að ráða annan skipstjóra vegna þess að stefnandi hafði tekið föggur sínar frá borði og gerði sig ekki líklegan til að koma til starfa á ný. Þann 29. desember hafi uppsagnarbréf stefnanda borist til félagsins, dagsett 26. desember en póstlagt þann 28. Nýr skipstjóri hafi svo verið ráðinn þann 30. desember. Forsvarsmenn hins stefnda félags hafa tekið fram að stefnanda hafi aldrei verið meinað að vinna út uppsagnarfrestinn er hann hafi átt rétt á.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að ráðningarsamningi sínum við stefnda um stöðu skipstjóra á Valabergi GK-399 hafi verið sagt upp fyrirvaralaust þann 28. desember 1988. Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta samningsins og því heimili engin atvik hin fyrirvaralausú samningsrof.

Stefnanda hafi verið meinað að vinna út löglegan þriggja mánaða uppsagnarfrest sinn sem sjáist á því að nýr skipstjóri hafi verið ráðinn til starfa áður en uppsögnin kom til framkvæmda. Stefnandi vísar í því sambandi sérstaklega til skriflegs vottorðs þess skipstjóra er ráðinn var til að taka við af honum, Guðjóns Einarssonar, en í því komi fram að hann hafi hafið störf hjá hinu stefnda félagi 20. desember 1988 (dskj. nr. 14). Þar með sé ótvírátt að stefnandi átti engan kost á því að koma aftur til starfa eftir jólafrí.

Forsvarsmenn stefnda hafi margneitað að greiða laun í uppsagnarfresti þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og beri því að greiða bætur í samræmi við l. 35/1985, einkum 2. mgr. 9. gr. og 45. gr., lög um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og kjarasamninga. Varðandi kröfufjárhæð er byggt á 145. gr. l. 85/1936. Svari bótakröfurnar til staðgengilskaups í þriggja mánaða uppsagnarfresti en stefnandi hafi aldrei fallist á að falla frá frestinum, eins og forsvarsmenn stefnda hafi haldið fram, og aldrei gert neitt tilboð í þá veru.

Krafan um málskostnað byggist á 177. gr. l. 85/1936 og krafan um virðisaukaskatt á l. nr. 50/1988, en stefnandi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og sé því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað.

2. Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp störfum og tekið sérstaklega fram að hann skyldi hætta strax án nokkurra eftirkrafna. Hann hafi fyrst gert forsvarsmönnum stefnda tilboð þess efnis þann 16. desember 1988 og svo staðfest það með uppsagnarbréfi sínu, dags. 26. desember. Forsvarsmenn stefnda hafi tekið þessu tilboði stefnanda og því eigi kröfur hans enga stöð.

Stefndi mótmælir því, að stefnanda hafi verið meinuð störf í uppsagnarfrestinum. Staðreyndin sé sú, að stefnandi hafi tekið föggur sínar frá borði, áður en hann sendi stefnda uppsagnarbréf og með því hafi verið ljóst, að hann kæmi ekki aftur til starfa, enda hafi það verið í samræmi við fyrri yfirlýsingar hans. Ráðning nýs skipstjóra hafi ekki komið til fyrir en sýnt var að stefnandi var farinn af sjálfsdáðum úr skiprúmi fyrir fullt og fast, þ.e. þann 30. desember 1988, og því engan veginn hægt að draga þá ályktun að ráðningin hafi farið fram í því skyni að varna stefnanda að koma til vinnu. Lögmaður stefnda hefur mótmælt vottorði Guðjóns Einarssonar á dskj. 14 sem

röngu. Þá hafi stefnandi aldrei haft neitt frumkvæði að því að koma aftur til starfa.

Stefndi mótmælir með öllu þeim staðhæfingum stefnanda, að sér hafi verið vikið fyrirvaralaust úr starfi. Ekkert hafi verið lagt fram til stuðnings þeim staðhæfingum, en gögn málsins, þ.á m. uppsagnarbréf stefnanda, veiti vísbendingu í gagnstæða átt. Stefndi álitur að dómvenja sé fyrir því að sönnunarbyrði um það, að sjómanni hafi verið sagt upp fyrirvaralaust, hvíli á þeim, sem heldur fram að sér hafi verið sagt upp. Þá vekur stefndi athygli á því að stefnanda hafi verið greidd laun allt til þess tíma er hann tók föggur sínar frá borði og hætti sjálfur. Því megi ljóst vera að stefnanda hafi aldrei verið sagt upp af stefnda, hvorki fyrr né síðar.

III.

Ekki er ótvírætt með hvaða hætti starfslok stefnanda hjá stefnda bar að. Hvorugum aðila hefur tekist að sanna, svo að öruggt sé, hvað þeim fór á milli á fundi þeirra þann 16. desember 1988, í símtali 27. desember og fundi þann 28. sama mánaðar. Ekki eru aðrir til frásagnar um þessa atburði en stefnandi og fyrirsvarsmenn stefnda. Það, sem hins vegar liggur fyrir, er uppsagnarbréf stefnanda til stefnda, dagsett 26. desember og póstlagt þann 28. Stefndi bar fyrir dóminum, að bréf þetta hefði verið póstlagt fyrir slysi, en dómurinn telur að þegar bréfið kom til stefndu, þann 29., hafi ráðningarsamningnum verið slitið.

Samkvæmt þessu hefur stefnanda ekki tekist að sanna að stefndi hafi sagt honum upp störfum fyrirvaralaust.

Ekki verður talið, að stefnda hafi tekist að sanna, að stefnandi hafi fallið frá rétti sínum til að vinna út löglegan þriggja mánaða uppsagnarfrest sinn eða að hann hafi að öðru leyti afsalað sér kröfum vegna ráðningarslitanna á fundum þeirra, né heldur kemur það fram í nefndu uppsagnarbréfi hans.

Það sem eftir stendur er þá hvort stefnanda hafi verið meinað að starfa frá 1. janúar 1989 og til 1. apríl sama ár. Stefndi hefur borið að eftir samtal hans við Pétur Antonsson, stjórnarformann hins stefnda félags, þann 28. desember hafi hann farið til skips og „gengið frá sínum málum“. Með hliðsjón af þessu sem og því, að stefnandi kom ekki aftur um borð, án þess að honum væri synjað um það berum orðum, og öðrum atvikum, verður að telja að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að honum hafi verið meinað að starfa umræddan uppsagnarfrest.

Verður því eftir þessum málalokum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi Siglubeig hf., kt. 690788-2419, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Guðjónssonar, kt. 220824-6679, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
